

# 1. VERÐLAUN

Tillaga með auðkenni 09007

Byggingin er nánast öll á einni hæð og samanstendur af þremur einingum: kirkju og tónlistarsal, bókasafni og myndlistarsal, sem tengdar eru saman um innri götu. Einstakir byggingarhlutar fylgja hæðarlegu svæðisins, fullt tillit er til tekið til Urðanna og formun, hæð og staðsetning kirkjuskipsins í suð-austurhorni lóðarinnar veldur því að byggingin myndar sterkt kennileiti í bænum.

Aðkoma tengist innri götu um skjólsælt torg af hæfilegri stærð í suðri annarsveggar og frá miðbæjartorgi hinsveggar. Aðkomu í bílageymslu er haganlega fyrir komið frá bílstæðum sunnan byggingarinnar.

Innra fyrirkomulag byggingarinnar er mjög vel leyst; mismunandi formun meginryma skapar áhugaverða fjölbreytni og innbyrðis tengingar ganga ágætlega upp. Byggingin er samanþjöppuð án þess að virka boruleg, gönguleiðir innanhúss eru stuttar og greiðar og möguleikar á samnýtingu einstakra rýma vel úthugsaðir. Þó er lýti á tillögunni að salernis- og lyftukjarni skuli trufla ásynnd að bókasafni frá innri götu.

Kirkjuskipið er sérlega áhugavert, þar sem samspil forms og birtu geta skapað töfrandi andrúmsloft, og tenging þess við safnaðarheimili og skrifstofur safnaðarins um ofanlýsta umgjörð undirstrikar hina sérstæðu lögun þess.

Bókasafninu er ágætlega fyrir komið, með góðri innri yfirsýn og öll vinnu- og stoðrymi innan seilingar. Samtvinnun bókasafns og veitingastofu er skemmtileg nálgun, þar sem tengslin við Urðirnar skapa þriðju víddina í samspilið.

Myndlistarsalur er á tveimur pöllum með hringisælis tengingu og mismunandi loftæð; rýmið er látlaust án þess að vera hverdagslegt, en setja má spurningarmerki við stærð glugga til norðausturs. Tónlistarsal er vel fyrir komið, með gott aðgengi jafnt úr efri sem neðri hluta.

Öll meginrymin tengjast innri götunni án nokkurrar áreymslu; aðgengi úr bílageymslu að innri götu er ágætt.

Efnisval hæfir einföldu en sterku útliti byggingarinnar.

Áfangaskipting er auðveld í framkvæmd og staðsetning bókasafns vestast á lóðinni skapar möguleika á tengingu við skylda starfsemi á svæðinu í framtíðinni.

Framsetning tillögunnar er í senn skýr og metnaðarfull.

## Höfundar tillögu:

Arkitektúr.is:

Carlton Hlynur Keyser

Gunnlaugur Magnússon

Haraldur Örn Jónsson

Hjörtur Hannesson

Kristján Garðarsson

Magnea Harðardóttir

Michael Blikdal Erichsen





